

## Fundargerð – 558. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 7. maí kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Önundur Jónasson, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Fundargerð aðalfundar
4. Erindi frá Sorpu um stofnun undirbúningsfélags hátæknibrennslu.
5. Frágangur á breytingu á samþykktum.
6. Önnur mál.

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórnarformaður: Önundur Jónasson var valinn stjórnarformaður með báðum atkvæðum Reykjanesbæjar, atkvæði Suðurnesjabæjar og atkvæði Grindavíkurbæjar. Ingbór Guðmundsson sem bauð sig einnig fram til stjórnarformanns fékk atkvæði Voga.

Varaformaður: Ingbór Guðmundsson var valinn varaformaður með öllum greiddum atkvæðum.

Ritari: K. Ragnheiður Eiríksdóttir var valinn ritari stjórnar með öllum greiddum atkvæðum.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundu. Framkvæmdastjórinn fór m.a. yfir öryggismál, brennslan í apríl, staðan í Grindavík, heimsókn til UST, staða textíls og greiningu virðisstrauma.

### 3. Fundargerð aðalfundar

Stjórn hafði ekki athugasemd við fundargerð aðalfundar og samþykkti fundargerðina.

### 4. Erindi frá Sorpu um stofnun undirbúningsfélags hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins Skör ofar, m.a. fundi seinustu vikna, bréf frá framkvæmdastjóra Sorpu um stofnun undirbúningsfélags um hátæknibrennslu. Stjórn hefur áhuga á verkefninu og óskar eftir frekari samtali við hagsmunaaðila.

### 5. Frágangur á breytingu á samþykktum

Stjórn yfirfór breytingarnar og samþykkti þær og fól framkvæmdastjóra að senda sveitarfélögum til samþykktar í bæjarstjórn.

### 6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:20  
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 11. júní 2024.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

---

Önundur Jónasson

---

Svavar Grétarsson

---

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

---

Eiður Ævarsson

---

Ingbór Guðmundsson

---

Steinþór Þórðarson